

## Fundur í umhverfisnefnd 27. október kl. 8:20

Mættir: Heimir, Rakel Ásta, Helena, Jörgen, Gabríel, Helga, Natalía, Díana, Stefanía Katrín, Andrés, Eymar, Sigga Vill og Sigga Lára

Umhverfispema, heilsa yfir höfuð. Umræður um hvað var gert. Verkefnið verður áfram í gangi í vetur. Fórum í Norræna skólahlaupið í vikunni, erum að gera fullt af hlutum sem tengjast heilsu allt skólaárið í skólanum. Hver og einn námshópur fær matsblað og skoðar með umsjónarkennara og námshópnum hvernig við erum að standa okkur í lýðheilsumálum.

Jól í skólkassa, umræður. Nefndinni langar að taka þátt í þessu verkefni. Ákveðið að auglýsa innan skólans og sjá hvort okkur tekst að safna í einhverja kassa. Þurfum að hafa hraðar hendur þar sem skiladagur í sveitinni er 4. nóvember.

Matarvigtun í byrjun desember. Ræða við matráða um hæfilega skammta.

Flokkun, gengur ágætlega að flokka, var frekar vel flokkað í endurvinnslutunni, þó var nokkuð um tyggjó og lífrænan úrgang í röngum tunnum. Ákveðið að fulltrúar minni á mikilvægi þess að flokka rétt í sínum námshópi. Ákveðið að Sigga Vill aðstoði nemendur á yngsta stigi við að tæma flokkunarílát.

Umræður um plastnotkun, getum við minnkað plastnotkun í skólanum? T.d. grindur fyrir handþurrkupappír, þurfum við plastpoka þar?

Umhverfissáttmálinn. Farið yfir sáttmálann. Eftir ábendingar frá Landvernd þurfum við að búa okkur til slagorð, leiðarljós eða ljóð t.d. þar sem markmið sáttmálans koma skýrt fram á hnitmiðaðan hátt í stuttu máli. Ákveðið að leyfa nemendum skólans að koma með tillögur. Umræður um gler.

**Verkefni nefndarmanna fram að næsta fundi; jól í skókassa, tyggjó og lífrænn úrgangur í endurvinnslutunnum.**

Fundi slitið klukkan 9:10